

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Spectracillin (400 mg + 57 mg)/5 mL mixtúrduft, dreifa Amoxicillín + Klavúlansýra

**Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

**Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Spectracillin og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Spectracillin
3. Hvernig nota á Spectracillin
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Spectracillin
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

#### **1. Upplýsingar um Spectracillin og við hverju það er notað**

Spectracillin er sýklalyf sem drepur bakteríur sem valda sýkingum. Spectracillin inniheldur tvö mismunandi lyf sem kallast amoxicillín og klavúlansýra. Amoxicillín tilheyrir flokki lyfja sem kallast „penicillín“ en stundum er verkun þeirra hindruð (eru gerð óvirk). Hitt virka efnið (klavúlansýra) kemur í veg fyrir að þetta gerist.

Spectracillin er notað hjá ungbörnum, börnum og fullorðnum við eftirfarandi sýkingum:

- miðeyrna- og skútabólgu
- öndunarfærasýkingum
- þvaggfærasýkingum
- sýkingum í húð og mjúkvefjum, þ.m.t. sýkingum í tönnum
- sýkingum í beinum og liðum.

#### **2. Áður en byrjað er að nota Spectracillin**

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

#### **Ekki má nota Spectracillin**

- Ef um er að ræða ofnæmi fyrir amoxicillíni, klavúlansýru, penicillíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- Ef það hafa einhvern tíma komið fram alvarleg ofnæmisviðbrögð við einhverju öðru sýklalyfi. Þau geta m.a. komið fram sem húðútbrot eða þroti í andliti eða hálsi.
- Ef þú hefur fengið lifrarávandamál eða gulu (gulan lit á húð) við töku sýklalyfs.

#### **➤ Ekki nota Spectracillin ef eitthvað af framangreindu á við um þig.**

Ef þú ert ekki viss leitaðu þá til læknisins eða lyfjafræðings áður en þú byrjar að nota Spectracillin.

## Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum áður en Spectracillin er notað ef þú:

- ert með einkirningasótt
- ert í meðferð við lifrar- eða nýrnvandamálum
- hefur ekki regluleg þvaglát.

Ef þú ert ekki viss um hvort eitthvað af framangreindu eigi við um þig leitaðu þá til læknisins eða lyfjafræðings áður en þú byrjar að nota Spectracillin.

Í sumum tilvikum er hugsanlegt að læknirinn rannsaki tegund bakteríunnar sem veldur sýkingunni hjá þér. Niðurstöðurnar gætu leitt til þess að þú fái annan styrkleika af Spectracillin eða annað lyf.

## Ástand sem þú þarft að fylgjast með

Spectracillin getur valdið því að ástand sem er til staðar versnar, eða getur valdið alvarlegum aukaverkunum. Þær eru m.a. ofnæmisviðbrögð, krampar (flog) og bólga í þörmum. Þú þarft að fylgjast með ákveðnum einkennum á meðan þú notar Spectracillin, til að draga úr hættu á vandamálum. Sjá „Ástand sem þú þarft að fylgjast með“ í **kafla 4**.

## Blóð- og þvagrannsóknir

Ef þú ferð í blóðrannsókn (svo sem rannsókn á stöðu rauðra blóðkorna eða lifrarpróf) eða þvagrannsókn (fyrir glúkósa) skaltu láta lækinn eða hjúkrunarfræðinginn vita að þú sért að nota Spectracillin. Þetta er vegna þess að Spectracillin gæti haft áhrif á niðurstöður úr þess konar rannsóknum.

## Notkun annarra lyfja samhliða Spectacillin

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um önnur lyf sem þú notar, hefur nýlega verið að nota eða kynnu að verða notuð.

Ef þú tekur allópúrínól (notað við þvagsýrugigt) samhliða Spectracillin, getur það aukið líkur á ofnæmisviðbrögðum í húð.

Ef þú tekur próbenesíð (notað við þvagsýrugigt), getur verið að læknirinn ákveði að breyta skammtinum af Spectracillin.

Ef lyf til að hindra myndun blóðtappa (svo sem warfarin) eru tekin samhliða Spectracillin getur þurft að gera frekari blóðrannsóknir.

Spectracillin getur haft áhrif á hvernig metótrexat (lyf notað við krabbameini eða gigt) verkar.

Spectracillin getur haft áhrif á hvernig mýcófénólatmofetíl (lyf notað til að koma í veg fyrir höfnun ígræddra líffæra) virkar.

## Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

## Spectracillin inniheldur aspartam (E 951).

Lyfið inniheldur 8,5 mg aspartam í hverjum 5 ml af tilbúinni mixtúru sem jafngildir 1,7 mg/ml. Aspartam breytist í fenýlalanín. Það getur verið skaðlegt þeim sem eru með fenýlketónmigu (PKU), sem er mjög sjaldgæfur erfðagalli þar sem fenýlalanín safnast upp því líkaminn getur ekki fjarlægð það með fullnægjandi hætti.

Að teknu tilliti til ráðlagðra skammta sem lýst er í kafla 3 er hámarks magn af asparatami sem gefa má sjúklingi í einum hámarksskammti 18,64 mg og hámarks sólarhringsmagn 59,67 mg.

### **Spectracillin inniheldur natríum**

Lyfið inniheldur 2,69 mg natríum í hverjum 5 ml af tilbúinni mixtúru.

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum 5 ml, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust. Að teknu tilliti til ráðlagðra skammta sem lýst er í kafla 3 er hámarks magn af natríum sem gefa má sjúklingi í einum hámarksskammti 5,99 mg og hámarks sólarhringsmagn 19,19 mg.

### **Spectracillin inniheldur glúkósa**

Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

### **Spectracillin inniheldur kalíum**

Lyfið inniheldur 11,6 mg af kalíum (0,29 ml) í hverjum skammti. Sjúklingar með skerta nýrnastarfsemi og sjúklingar á kalíumskertu mataræði þurfa að hafa þetta í huga. Að teknu tilliti til ráðlagðra skammta sem lýst er í kafla 3 er hámarks magn af kalíum sem gefa má sjúklingi í einum hámarksskammti 24,46 mg (0,63 mmól) og hámarks sólarhringsmagn 78,32 mg (2,00 mmól). Þetta ætti að hafa í huga hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi og hjá sjúklingum á kalímustjórnuðu fæði.

## **3. Hvernig nota á Spectracillin**

Notaðu Spectracillin alltaf eins og lækni-rinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef þú ert ekki viss um hvernig nota á lyfið leitaðu þá upplýsinga hjá lækningum eða lyfjafræðingi.

### **Fullorðnir og börn yfir 40 kg**

- Þessi mixtúra er venjulega ekki ráðlögð fyrir fullorðna og börn sem eru þyngri en 40 kg. Leitaðu ráða hjá lækningum eða lyfjafræðingi.

### **Börn undir 40 kg**

Allir skammtar eru reiknaðir út samkvæmt þyngd barnsins í kílóum.

- Lækni-rinn mun segja þér hve mikið Spectracillin þú átt að gefa sjúklingi.
- Í öllum lyfjapakningunum er að finna mæliskeið þannig að hægt sé að gefa 1,25 ml, 2,5 ml eða 5 ml af mixtúrunni; auk þess er að finna skammtasprautu í pakningunum. Þetta skaltu nota til að gefa réttan skammt.
- Ráðlagður skammtur: frá (25 mg+3,6 mg) til (45 mg+6,4 mg) fyrir hvert kílógramm líkamsþyngdar á dag, gefinn í tveimur aðskildum skömmtum.
- Stærri skammtur - allt að (70 mg+10 mg) fyrir hvert kílógramm líkamsþyngdar á dag, gefinn í tveimur aðskildum skömmtum.

### **Sjúklingar með nýrna- og lifrarvandamál**

- Ef þú ert með nýrnvandamál getur þurft að breyta skammtinum. Hugsanlega velur lækni-rinn annan styrkleika af Spectracillin eða annað lyf.
- Ef þú ert með lifrarvandamál getur verið að þú þurfir að fara oftari í blóðrannsóknir til að kanna starfsemi lifrarinnar.

### **Hvernig nota á Spectracillin**

- Hristið flöskuna alltaf vel fyrir hverja gjöf.
- Gefið lyfið í upphafi máltíðar eða rétt fyrir hana
- Dreifið skömmtunum jafnt yfir daginn, með minnst 4 klst. millibili. Ekki gefa 2 skammta á 1 klukkustund.

- Ekki nota Spectracillin í meira en 2 vikur. Ef sjúklingnum líður enn ekki vel ætti að fara með hann aftur til læknisins.

#### **Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er gefinn**

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið tekinn, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Ef þú notar of mikið af Spectracillin geta einkennin meðal annars verið óþægindi í maga eða þörmum (ógleði, uppköst eða niðurgangur) eða krampar. Ráðfærðu þig við lækinn eins fljótt og unnt er. Taktu öskjuna utan um lyfjaflöskuna með til að sýna læknum.

#### **Ef gleymist að gefa Spectracillin**

Ef þú gleymir að taka skammt skaltu taka hann um leið og þú manst eftir því. Ekki taka næsta skammt of fljótt, bíddu í um 4 klst. áður en þú tekur næsta skammt.

#### **Ef þú hættir að nota Spectracillin**

Haltu áfram að nota Spectracillin þar til meðferðinni er lokið, jafnvel þótt þér/barninu líði betur. Það þarf alla skammtana til að verjast sýkingunni. Ef einhverjar bakteríur lifa af geta þær valdið því að sýkingin komi aftur.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

## **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

#### **Ástand sem þú þarft að fylgjast með**

##### **Ofnæmisviðbrögð**

- húðútbrot
- bólga í æðum (æðabólga) sem getur komið fram sem rauðir eða fjólubláir upphleyptir blettir í húðinni en getur haft áhrif í öðrum hlutum líkamans
- hiti, liðverkir, bólgur eitlar í hálsi, handarkrikum eða nára
- þroti, stundum í andliti eða hálsi (ofsabjúgur), sem veldur öndunarörðugleikum
- yfirlið
- verkur fyrir brjósti í tengslum við ofnæmisviðbrögð, sem getur verið einkenni hjartadreps af völdum ofnæmis (Kounis heilkenni)

- **Hafðu strax samband við lækni ef þú fær einhver þessara einkenna. Hættu að nota Spectracillin.**

#### **Bólga í ristli**

Bólga í ristli, sem veldur vatnskenndum niðurgangi, yfirleitt með blóði og slími, magaverk og/ eða hita.

#### **Bráð brisbólga**

Ef þú ert með slæman og langvinnan verk í maga getur það verið einkenni bráðrar brisbólgu.

#### **Heilkenni garna- og ristilbólgu af völdum lyfs (DIES)**

Einkum hefur verið tilkynnt um heilkenni garna- og ristilbólgu af völdum lyfs hjá börnum sem fá amoxicillín/klavúlanat. Þetta er tiltekin tegund ofnæmisviðbragða og helstu einkennin eru endurtekin uppköst (1-4 klst. eftir inntöku lyfs). Frekari einkenni geta verið kviðverkir, svefnhöfgi, niðurgangur og lágur blóðþrýstingur.

➤ **Hafið samband við lækninn eins fljótt og unnt er og fáði ráðleggingar ef þessi einkenni koma fram**

**Mjög algengar aukaverkanir** (geta komið fyrir hjá fleirum en 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- niðurgangur (í fullorðnum).

**Algengar aukaverkanir** (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- þruska (candidasýking í leggöngum, munnni eða húðfellingum)
- ógleði, einkum við töku stórra skammta  
→ ef þú finnur fyrir þessu skaltu taka Spectracillin fyrir mat
- uppköst
- niðurgangur (í börnum).

**Sjaldgæfar aukaverkanir** (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- húðútbrot, kláði
- upphleypt útbrot með kláða
- meltingartruflanir
- sundl
- höfuðverkur.

Sjaldgæfar aukaverkanir sem geta komið fram í blóðrannsóknun;

- hækkun sumra efna (ensíma) sem framleidd eru í lifur.

**Mjög sjaldgæfar aukaverkanir** (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum)

- útbrot í húð sem geta myndað blöðrur og líta út eins og lítil markskífa (dökkur blettur í miðjunni, umkringdur ljósara svæði með dökkum hring umhverfis brúnina - regnbogaróðasótt). → ef vart verður við einhver þessara einkenna er áriðandi að hafa samband við lækni.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir sem geta komið fram í blóðrannsóknun;

- of fáar frumur sem taka þátt í blóðstorknun
- of fá hvít blóðkorn.

**Tíðni ekki þekkt** (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum).

- Ofnæmisviðbrögð (sjá hér fyrir framan)
- Bólga í ristli (sjá hér fyrir framan)
- Bólga í varnarhimmunni sem umlykur heilann (heilahirnubólga án sýkingar)
- Alvarleg viðbrögð í húð:
  - útbreidd útbrot með blöðrum og flögnun húðarinnar, einkum í kringum munn, nef, augu og kynfæri (Stevens-Johnson heilkenni) og alvarlegri tilvik sem valda verulegri húðflögnun (meira en 30% af yfirborði líkamans - eitrunardreplos í húðþekju).
  - útbreidd rauð útbrot með litlum blöðrum sem í er gröftur (blöðruskinnflagningsbólga).
  - rauð hreistruð útbrot með hnútum undir húðinni og blöðrum (bráð útbreidd graftarútpot).
  - flensulík einkenni með útbrotum, hita, bólgnun kirtlum og óeðlilegum niðurstöðum blóðrannsóknna (þ.m.t. fjölgun hvítra blóðkorna (rauðkyrninga) og lifrarsíma (lyfjaviðbrögð með fjölgun rauðkyrninga og altækum einkennum (DRESS)).
  - Útbrot með blöðrum og hrúðri í miðjunni, sem eru ýmist hringlaga eða líkjast perlufesti (línulegur IgA sjúkdómur)  
→ **Hafið strax samband við lækni ef þú færð eitthvert þessara einkenna.**

- lifrabólga
- gula vegna hækkunar á gallrauða í blóði (efni sem er framleitt í lifur) sem getur gert það að verkum að húð og hvíta augnanna virðast gul
- bólga í pípum í nýra
- blóðið er lengur að storkna
- ofvirkni

- krampar (hjá einstaklingum sem taka stóra skammta af Spectracillin eða eru með nýrnvandamál)
- svört tunga sem virðist loðin
- blettóttar tennur (hjá börnum), yfirleitt hægt að fjarlægja með burstun.

Aukaverkanir sem geta komið fram í blóð- eða þvagrannsóknnum;

- veruleg fækkun hvítra blóðkorna
- of fá rauð blóðkorn (blóðlýsublóðleysi)
- útfelling í þvagi.

### Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunnar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## 5. Hvernig geyma á Spectracillin

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá

Mixtúruduft – Geymið við lægri hita en 25°C. Varið raka.

Fullbúin mixtúra – Geymið í kælikáp í allt að 7 daga (2°C – 8°C).

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## 6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

### Spectracillin inniheldur

- Virku efnin eru amoxicillín og klavúlansýra. Eftir blöndun inniheldur 1 ml af mixtúru 80 mg af amoxicillíni (sem amoxicillín þríhýdrat) og 11,4 mg af klavúlansýru (sem kalíum klavúlanat).
- Önnur innihaldsefni eru: gúargúmmí, sílíkon tvíoxíð, vatnsfrí kísilkvoða, vatnsfrítt þrínatríumsítrat, vatnsfrí sítrónusýra, appelsínubragðefni [maísmaltódestrín, umbreytt vaxkend maísterkja (E 1450), natríumsítrat (E 331)], trópíkalbragðefni [maltódestrín, glúkósi, arabískt gúmmí (E 414), pektín (E 440)], sítrónubragðefni [maltódestrín, glúkósi, arabískt gúmmí (E 414), pektín (E 440)], aspartam (E 951).
- Fyrir nánari upplýsingar um tiltekin innihaldsefni Spectracillin, sjá kafla 2.

### Útlit og innihald Spectracillin

Hvít til ljósgult duft; eftir blöndun með vatni fæst einsleit mixtúra, dreifa

**Umbúðir:** 1 flaska í öskju inniheldur 6,3 g, 12,6 g eða 25,2 g af dufti.

Þegar búið er að blanda með vatni inniheldur flaskan 35 ml, 70 ml eða 140 mg af fullbúinni mixtúru.

Í öllum pakkningum er að finna mæliskeið þannig að hægt sé að gefa 1,25 ml, 2,5 ml eða 5 ml af mixtúrunni. Að auki er í öllum pakkningum skömmtunarsprauta þannig að hægt sé að gefa allt að 5 ml af mixtúrunni með 0,1 ml nákvæmni.

Spectracillin er einnig til í töfluformi.

## Markaðsleyfishafi og framleiðandi

### Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Tarchomińskie Zakłady Farmaceutyczne „Polfa” Spółka Akcyjna  
ul. A. Fleminga 2  
03-176 Warszawa  
Pólland

### Umboðsaðili á Íslandi

Williams & Halls ehf.  
Reykjavíkurvegur 62  
220 Hafnarfjörður  
Ísland

## Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í desember 2024.

### Fræðsla:

Sýklalyf eru notuð til þess að meðhöndla sýkingar af völdum baktería. Þau hafa engin áhrif gegn sýkingum af völdum veira.

Stundum bregst bakteríusýking ekki við sýklalyfjameðferð. Ein algengasta ástæða þess er að bakterían sem veldur sýkingunni er ónæm fyrir sýklalyfinu sem verið er að nota. Þetta þýðir að bakterían getur lifað af og jafnvel fjölgað sér þrátt fyrir sýklalyfið.

Það eru margar ástæður fyrir því að baktería getur orðið ónæm fyrir sýklalyfjum. Varkár notkun sýklalyfja getur minnkað líkurnar á því að bakteríur myndi ónæmi fyrir þeim.

Þegar lækinn ávísar sýklalyfi fyrir þig er það einungis ætlað til að meðhöndla þann sjúkdóm sem þú ert með núna. Með því að fylgja eftirfarandi ráðleggingum hjálpar þú til við að koma í veg fyrir tilvist ónæmra baktería sem gætu valdið því að sýklalyfið hættir að virka.

- Það er mjög mikilvægt að þú notir sýklalyfið í réttum skömmtum, á réttum tíma og í þann tíma sem ráðlagður er. Lestu leiðbeiningarnar og ef það er eitthvað sem þú ekki skilur, leitaðu þá ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi.
- Þú ættir ekki nota sýklalyfið nema því hafi verið ávísað sérstaklega handa þér og þú ættir aðeins að nota það til að meðhöndla þá sýkingu sem því var ávísað fyrir.
- Þú ættir ekki að nota sýklalyf sem hefur verið ávísað fyrir aðra manneskju, jafnvel ekki þó að viðkomandi hafi haft sýkingu sem var lík þeirri sýkingu sem þú ert með.
- Þú ættir ekki að gefa öðrum sýklalyfið sem þú fékkst ávísað.
- Ef einhver sýklalyf eru afgangsgang þegar þú hefur lokið meðferðinni, eins og lækinn ráðlagði, skaltu fara með afganginn í apótekið til eyðingar.

## Leiðbeiningar um undirbúning lyfsins fyrir notkun

### Undirbúningur dreifunnar

Áður en tilskildu rúmmáli af hreinu vatni er bætt við flöskuna skal hrista hana til þess að losa um duftið

**6,3 g af dufti fyrir 35 ml af tilbúinni dreifu**

Flösku sem inniheldur 6,3 g af dufti skal fylla að marki á miðanum með vatni (31 ml). Hristið þar til að einsleit mixtúra, dreifa hefur myndast. Látið standa og fyllið að marki ef þess er þörf. Tilbúin dreifa er 35 ml.

**12,6 g af dufti fyrir 70 ml af tilbúinni dreifu**

Flösku sem inniheldur 12,6 g af dufti skal fylla að marki á miðanum með vatni (62 ml). Hristið þar til að einsleit mixtúra, dreifa hefur myndast. Látið standa og fyllið að marki ef þess er þörf. Tilbúin dreifa er 70 ml.

**25,2 g af dufti fyrir 140 ml af tilbúinni dreifu**

Flösku sem inniheldur 25,2 g af dufti skal fylla að marki á miðanum með vatni (124 ml). Hristið þar til að einsleit mixtúra, dreifa hefur myndast. Látið standa og fyllið að marki ef þess er þörf. Tilbúin dreifa er 140 ml.

***Hristið flöskuna kröftuglega fyrir hverja gjöf.***

5 ml af tilbúinni dreifu inniheldur 400 mg af amoxicillíni og 57 mg af klavúlansýru.

2,5 ml af tilbúinni dreifu inniheldur 200 mg af amoxicillíni og 28,5 mg af klavúlansýru.

1,25 ml af tilbúinni dreifu inniheldur 100 mg af amoxicillíni og 14,25 mg af klavúlansýru.